

leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði Sveinn Ásmundsson á að sæta 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Um málskostnað í héraði á undirréttardómurinn að vera óraskaður. Svo ber akærða og að greiða allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. janúarmán.

Nr. 31/1906:

Þorsteinn Jónsson kaupmaður  
gegn

Einari presti Þórðarsyni  
fyrir hönd Egils Árnasonar.

D ó m u r :

Í máli þessu sótti hinn stefndi Einar prestur Þórðarson sem umboðsmaður fyrir Egil Árnason, sem fluttist

af landi burt fyrir nokkrum árum, áfrýjandann kaupmann Þorstein Jónsson um ógoldin lóðargjöld, 70 kr. 54 a., fyrir árin 1902 og 1903, eftir hús hans í landi jarðarinnar Bakkagerðis, en Egill Árnason var þá eigandi að 8,5 hndr. í jörðinni Bakka, og sem eigandi þessa jarðarparts gjörði hann kröfu til áminstra lóðargjalda af Bakkagerðislandi. Málið var höfðað og sótt fyrir aukarétti Norður-Múlasýslu, og þar dæmt 16. desbr. 1905 á þá leið, að Þorsteinn kaupmaður Jónsson skyldi greiða stefnandanum, Einari presti Þórðarsyni fyrir hönd Egils Árnasonar, lóðarleigurnar 70 kr. 54 a. með 5% vöxtum um árið frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Þorsteinn kaupmaður Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 14. júní f. á., og krafist þess hér fyrir réttinum, að dómurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að áfrýjandi verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir báðum dómum eftir réttarins mati. Stefndi Einar prestur Þórðarson fyrir hönd Egils Árnasonar hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn stefndi byggir rétt sinn til lóðargjaldanna á sáttargjörð, er fram fór og fullgjörðist fyrir aukarétti Norður-Múlasýslu 23. júní 1897 milli þáverandi eigenda Bakka og Bakkagerðis, Egils Árnasonar, Runólfs Þorsteinssonar og L. J. Imslands, en í gjörð þessari segir svo: »Sækjandi Egill Árnason áskilur sér . . . . rétt hér eftir til lóðargjalds eftir verzlunarhús og þurrabúðir,

er nú eru og síðar verða bygðar í Bakkagerðislandi utan-túns, að réttri tiltölu við hundraðatal í báðum jörðunum Bakka og Bakkagerði, o. s. frv. Gjörð þessi var þinglesin 22. maí 1901. Í Bakkagerði er löggiltur verzlunarstaður; þar fekk áfrýjandi útmælda verzlunarlóð nokkru áður en sættin gjörðist; árið 1900 eignaðist hann þar aðra verzlunarlóð, er var útmæld til handa B. Thorsteinsson & Co. árið 1898, en árið eftir varð verzlunarfélag þetta gjaldþrota og keypti áfrýjandi þá húseign þess í Bakkagerði; hann greiddi lóðargjöld fyrir húseignir þessar og þeim var skift, samkvæmt sáttagjörðinni 23. júní 1897, þangað til árið 1902, er hann eignaðist hálf Bakkagerði, keypti það af Runólfi Þorsteinsyni. Þá hætti áfrýjandi að greiða lóðargjöldin, og taldi sér það óskýlt, þar sem hann væri orðinn eigandi lóðar þeirrar, er húsin standa á. Hann heldur því fram, að það hafi eigi verið ætlast til þess með nefndum samningi, að leggja þá kvöð á jarðeigendur, að greiða lóðargjald eftir hús þau er þeir ættu sjálfir á jörðinni (Bakka-gerði). Hann hafi því hætt að greiða lóðargjöld fyrir húsin, er hann eignaðist jörðina Bakkagerði, í fullu samræmi við sáttasamninginn rétt skilinn, þótt hann hafi keypt nefnda jörð með öllum þeim réttindum og kvöðum, er henni fylgdu þá er Runólfur Þorsteinsson átti hana. En þessi skilningur verður eigi samrýmdur við orð sáttagjörðarinnar 23. júní 1897, er áskilur stefnda, sem var eigandi að rúmri hálfleudu Bakka, óskoraðan rétt til lóðargjalds eftir verzlunarhus og þurrabúðir, er nú eru og síðar verða bygðar í Bakkagerðislandi utan-túns, að réttri tiltölu við hundraðatal í báðum jörðunum Bakka og Bakkagerði. Orð þessi eru svo víðtæk,

að þau einnig ná til eiganda Bakkagerðis, er hann reisir þar verzlunarhús eða kaupir þar áður reist verzlunarhús. Að vísu á hann eigi að greiða út nema tiltölulegan hluta lóðargjaldanna; hinn hlutann tekur hann undir sjálfum sér í hlutfalli við eignarhluta hans í báðum jörðunum. Hin tilgreinda sýknunarástæða áfryjanda verður því eigi tekin til greina, og þar sem hann ennfremur hefir haldið því fram, að hann geti sem eigandi Bakkagerðis lækkað lóðargjöldin eða jafnvel alveg látið þau falla niður, með því að samningurinn eigi gefi nein fyrirmæli um ákveðning þeirra, þá er þetta eigi rétt, því að það leiðir beint af rétti jarðeigendanna til lóðargjalda á umræddum stað, að þau verða eigi ákveðin án hlutdeildar þeirra allra eða samþykkis, þar á meðal Egils Árnasonar, og verða þau þá heldur eigi feld niður né lækkuð nema með samþykki þeirra.

Það verður því að líta svo á, að stefndi hafi sannað rétt sinn til áminstra lóðargjalda, en um upphæð þeirra hefir málsaðila eigi greint á, og er fyrir því niðurstaða aukaréttardómsins rétt. Með því að málskostnaðarákvæði hans samþykkjast, verður að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfryjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfryjandi, Þorsteinn kaupmaður Jónsson, greiði stefnda

Einari presti Þórðarsyni fyrir hönd Egils Árnasonar málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 4. febrúarmán.

Nr. 45/1906:

Réttvísinn

gegn

Kristjáni Eiríkssyni, Guðrúnu Hannesdóttur og Karólínu Gottskálksdóttur.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 23. ágústm. f. á., voru hin ákærðu dæmd þannig: Kristján Eiríksson eftir 231., 230., 253., sbr. 259., 240. og 56. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869 til 12 mánaða betrunarhúsvinnu; Guðrún Hannesdóttir, kona Kristjáns, eftir 231., sbr. 56. og 55., 240. og 230., sbr. 55. gr. hegningarlaganna til 8 mánaða betrunarhúsvinnu; og Karólína Gottskálksdóttir, vinnukona nefndra hjóna, samkvæmt 230. gr. hegningarlaganna, til fangelsis við vatn og brauð í 2×5 daga. Öll hin ákærðu voru dæmd til að greiða þessi iðgjöld: Skúla Einarssyni 9 kr., Leonhard Tang & Söns verzlun 9 kr., Edinborgar verzlun 4 kr. 90 a. og Árna Sigurðssyni 3 kr. 50 a. Hjónin Kristján og Guðrún voru dæmd til að greiða þessi iðgjöld: Ara Jónssyni 12 kr., Karítas Hafliðadóttur 12 kr.,